



Reykjavík, 22. desember 2020

R20100225

PON20110025

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14

15006 Útboð - Samþættingarlausn

Tilboð í ofangreindu EES útboði Upplýsingatækniþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) Reykjavíkurborgar voru opnuð 25. nóvember 2020.

Markmið samningsins er að kaupa samþættingarlausn og tryggja Reykjavíkurborg traustan grundvöll (e. platform) fyrir þróun og rekstur samþættingarlausna. Með traustu aðgengi að áreiðanlegum tækniinnviðum eykst sveigjanleiki og geta kaupanda til að styðja við síbreytilegar þarfir sviða og deilda borgarinnar sem veita íbúum og gestum borgarinnar þjónustu.

Markmið með skilvirkri og öruggri samþættingu og stjórnun gagnamiðlunar frá uppruna til notkunar- eða vistunarstaðar er ætlað að auka aðgengi starfsmanna að áreiðanlegum og uppfærðum upplýsingum þvert á kerfi borgarinnar.

Eftirfarandi tilboð bást:	Heildartilboðsverð		
		án vsk	
1 Deloitte ehf.	ISK	1.264.253.740	198,78%
2 Advania Ísland ehf.	ISK	995.676.690	156,55%
Kostnaðaráætlun	ISK	636.000.000	100,00%

Samið er um einingaverð til sex ára; tímagjöld fyrir vinnu, mánaðargjöld fyrir aðgang að þjónustu og árgjöld fyrir hugbúnaðarleyfi. Rétt er að vekja athygli á að tilboðsverð felur ekki í sér skuldbindingu um kaup. Tilboð bjóðenda innihalda magntölur sem sýnir upphæð eins og ef ákveðið væri að kaupa alla hugbúnaðarhluta í sex ár en það var gert til að gefa einstaka liðum réttmætt vægi í heildartilboði og var grundvöllur til að meta lægsta tilboð. Magntölur í tilboðsskrá eru því ekki loforð um kaup.

Kaup innan samnings er skilgreint í útboðsskilmálum og verður stýrt í samræmi við fjárheimildir hverju sinni líkt og er gert í kaupum í gegnum miðlæga samninga borgarinnar, rammasamning og gagnvirk innkaupakerfi. Í kafla 2.1 í útboðsskilmálunum kemur fram „...Heimilt er að allar einingar samþættingarlausnarinnar séu settar upp í upphafi en kaupandi móttekur og greiðir þá einungis fyrir þær

einingar sem hann virkjar skv. verkbeiðni frá þeim degi sem einingin er virkjuð.“. En kaup innan samnings er svo nánar skilgreind í kafla 1.3.1 í útboðsskilmálunum.

Við gerð kostnaðaráætlunar var miðað að nokkru leiti þau tímagjöld sem UTR hafði nýlega samið um í útboði um Microsoft rekstur. Við nánari skoðun eftir að tilboð voru afhent hefði mátt taka betur tillit til munar á þekkingarstigi milli Microsoft reksturs og þróunar í samþættingarlausn við gerð kostnaðaráætlunar. Það er þó mat kaupanda að þar sem kaupum verður ávallt stýrt í samræmi við fjárheimildir hverju sinni þá kemur það ekki að sök og ætti ekki að valda því að tilboð sé óaðgengilegt sökum þess að vera of hátt miðað við fyrir fram ákveðna kostnaðaráætlun kaupanda.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lögstjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lögstjóðandi, Advania Ísland ehf., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Advania og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatækniþjónustan leggur til að gengið verði að tilboði frá Advania Ísland ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er jafnframt lágsta gilda tilboðið.

F.h. Upplýsingatækniþjónustu (UTR)

Kári Roman Svavarsson
CTO/Deildarstjóri tæknireksturs og kerfislausna